

26. KAPÍTULI.

Vægðu henni.

Heideck sat hvildarlaust í margar stundir við rúm drengsins. Undir kveldið læddist Jean inn til hans og sagði, að kona vildi fá að tala við hann.

"Kona? Hérna? Núna? spurðu hver hún sé og segðu henni að koma á morgun".

Jean varð skrítinn á svip.

"Pessi kona lætur ekki vísa sér á burt", sagði hann, "hún bað mig að kalla á konu yðar til sín, ef þér neituðuð að tala við sig".

"Hver er hún þá?" spurði hann hissa.

Jean hló háðslega.

"Hún vill ekki segja nafn sitt. Ég fór með hana inn í sérherbergi yðar".

"Þetta er dæmalaust", sagði Heideck reiður, "ég skal tala við hana, þó ekki sé til annars en að reka hana út, og þú leyfir þér aldrei oftar að kleypa konu inn í mitt herbergi".

Hann gekk fljótlega út og Jean á eftir með háðbros á vöruin.

Heideck gekk hálfhræddur inn í nýja herbergið sitt. Hann sá grannvaxinn kennimann standa á miðju gólfí. Það fór ósjálfrátt hryllingur um hann, en sagði þó hryssingslega: